



NORÐURORKA

Vatnsveita - Rafveita - Hitaveita - Fráveita



ÁRSSKÝRSLA

2017



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	2
Stjórn Norðurorku	3
Skipurit	3
Frá forstjóra	4
Yfirlit yfir starfsemina	5
Ársreikningur 2017	21

Ábyrgðarmaður: Gunnur Ýr Stefánsdóttir

Útlitshönnun: Geimstofan

Myndir: Auðunn Nielsson, Fannar Smári Sindrason bls. 20

Forsíðumynd: Starfsmenn

Prentun: Ásprent hf.

Ávarp stjórnarformanns



Geir Kristinn Aðalsteinsson

Starfsemi Norðurorku er í eðli sínu einföld en þó flókin. Grunnstarfsemin gengur einfaldlega út á að þjónusta heimili og fyrirtæki með vinnslu og dreifingu á heitu vatni og neysluvatni, dreifingu á raforku og rekstri fráveitu. Allir þættir starfseminnar eiga það sameiginlegt að þeir krefjast aðgengis að þeim náttúruauðlindum sem við erum svo heppin að búa við hér á svæðinu. Náttúruna ber að umgangast af virðingu og varkárni og það hefur Norðurorka einsett sér að gera. Umhverfismál eru órjúfanlegur þáttur af starfsemi Norðurorku og líklega veigamesti þáttur hennar þegar kemur að samfélagslegri ábyrgð. Stjórn fyrirtækisins er meðvituð um þetta og leggur áherslu á að Norðurorka sé til fyrirmyndar og í fararbroddi í þessum efnum og eru gildi fyrirtækisins, Virðing-Fagmennska-Traust, höfð að leiðarljósi í metnaðarfullri umhverfisstefnunni. Umhverfisstefna Norðurorku tekur á öllum þáttum grunnstarfseminnar og eru umhverfissjónarmið í raun fléttuð inn í öll verkefni og áætlanir fyrirtækisins. Auk grunnstarfseminnar tekur Norðurorka þátt í fjölmörgum spennandi verkefnum er lúta að umhverfismálum. Ber þar fyrst að nefna Vistorku, sem er í 100% eigu Norðurorku, en félagið lætur sig í raun varða allt er við kemur umhverfismálum. Segja má að Vistorka horfi á stóru myndina í umhverfismálum og að verkefnið séu stór,

mörg og metnaðarfull. Má þar sem dæmi nefna markmið um kolefnishlutlausu Akureyri, framleiðslu umhverfisvæns eldsneytis úr hráefni sem til fellur á Eyjafjarðarsvæðinu, fræðslu til hinna ýmsu aðila auk aðkomu að öðrum verkefnum sem nú þegar eru í fullum gangi.

Við í stjórn Norðurorku erum stolt af þeim umhverfisvænu verkefnum sem félagið tengist, hvort sem er í gegnum Vistorku eða með öðrum hætti. Metanverkefnið á Glerárdal sem og kaup á ökutækjum sem nýta metan, jarðgerð undir merkjum Moltu, Græna trektin, Eimur, skógrækt, m.a. Flugsógurinn þar sem innanlandsflug er kolefnisjafnað, Orkey sem framleiðir eldsneyti úr steikingarolíu og dýrafitu, græn stæði ásamt hleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla eru aðeins nokkur af þeim fjölmörgu verkefnum sem eru í gangi hér á svæðinu.

Segja má að eitt af nýjustu verkefnum Norðurorku hafi félagið fengið óvænt upp í hendurnar. Þó að heitt og kalt vatn í Vaðlaheiðargöngum hafi valdið framkvæmdaaðilum nokkru hugarangri verður ekki framhjá því litið að þarna er á ferðinni náttúruauðlind sem mun nýtast svæðinu vel. Norðurorka hefur undirritað samning við Vaðlaheiðargöng ehf. um nýtingu kalda vatnsins úr göngunum til neyslu. Er hér um gríðarlega verðmæta auðlind að ræða fyrir Norðurorku, enda nemur vatnsmagnið í kringum 60% af núverandi meðalnotkun neysluvatns á Akureyri.

Þá er einnig í gangi áhugaverð vinna við að kanna hvort grundvöllur sé fyrir nýtingu heita vatnsins í jarðbóð í Vaðlaheiði og væri slíkt kærkomin viðbót í afþreyingarflóru Eyjafjarðar. Það má því segja að Vaðlaheiðargöng séu ekki aðeins happafengur í samgöngum svæðisins, heldur einnig þegar kemur að nýtingu náttúruauðlinda.


En þó að umhverfismál séu stjórn Norðurorku hugleikin eru mörg önnur mál sem reglulega eru á borði stjórnar. Fjármál Norðurorku og tengdra félaga eru einnig umfangsmikil í störfum stjórnar og eru þau fastur liður á stjórnarfundum. Afkoma Norðurorku hf. á árinu 2017 er mjög góð og staða félagsins er sterk. Verðskrá félagsins er hagstæð í samanburði við veitufyrirtæki annars staðar á landinu sem leggur grunn að sterkri samkeppnisstöðu sveitarfélagsins

og fyrirtækja á svæðinu. Þetta er mikilvægt sem og að áfram verði haldið á þessari braut. Stjórn félagsins og stjórnendur hafa því lagt mikið kapp á að stilla framkvæmda- og fjárfestingaráætlunum upp með þeim hætti að gott jafnvægi sé milli framtíðartekna og gjalda, en að um leið sé uppbyggingin nægilega hröð til þess að tryggja góða og örugga þjónustu til framtíðar.

Á starfsárinu hélt stjórn Norðurorku 12 stjórnarfundum auk þess að boða til aðalfundar í mars og árlegs eigendafundar þremur vikum fyrir aðalfund.

Að endingu vil ég þakka starfsfólki og stjórnendum Norðurorku ásamt meðstjórnarmönnum mínum fyrir ánægjulegt og gott samstarf á árinu. Einnig vil ég þakka hluthöfum og síðast en ekki síst viðskiptavinum félagsins.

Skipurit Norðurorku



Stjórn Norðurorku hf. 2017



Geir Kristinn Aðalsteinsson, formaður
Ingibjörg Ólöf Isaksen, varaformaður
Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir, meðstjórnandi
Edward Hákon Huijbens, ritari
Gunnar Gíslason, meðstjórnandi

Varastjórn:

Eva Hrund Einarsdóttir
Jóhann Jónsson
Margrét Kristín Helgadóttir
Matthías Rögnvaldsson
Óskar Ingi Sigurðsson

Frá forstjóra



Helgi Jóhannesson

Rekstur Norðurorkusamstæðunnar gekk ágætlega á árinu 2017. Hagnaður varð 498 milljónir króna eftir skatta en áætlanir gerðu ráð fyrir 518 milljóna króna hagnaði. Fjárfestingar urðu mun lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir m.a. þar sem engin tilboð bárust í byggingu hreinsistöðvarinnar.

Þau verkefni sem Norðurorku eru falin eru um margt tímalaus, það að uppfylla þarfir íbúa á hverjum tíma um hreint neysluvatn og nægt heitt vatn á umhverfissvænan og ábyrgan hátt. Nútímapjóðfélag er knúið áfram af rafmagni og hreinlæti er brýnt. Öll hugsun stjórnar og stjórnenda þarf þar af leiðandi að vera til langs tíma með sjálfbærni að leiðarljósi. Auk þess að vinna og dreifa lífsgæðum þarf einnig að líta til umhverfisins. Starfsemi Norðurorku bindur sem betur fer meira af kolefni en hún losar sem leiðir til jákvæðra áhrifa á loftslagsmálin. Þá er einnig mikilvægt að viðskiptavinir fari vel með þær náttúruauðlindir sem starfsemin byggir á, sói ekki heitu og köldu vatni og gangi vel um fráveitukerfið og þar með viðtakann. Norðurorka hefur að undanfögnu unnið að auglýsingaefni með það í huga að upplýsa viðskiptavinum um ráð gegn sóun en áætlað er að birtingar hefjist á komandi ári.

Nú sem fyrr eru mörg stór verkefni í ferli, eða í farvatninu hjá samstæðunni. Í ljósi þess var gerð rekstraráætlun fyrir samstæðuna til 2033 þar sem skoðuð voru áhrif af tímabundnum

fjárfestingum á framtíðarrekstur. Helstu niðurstöður voru að þrátt fyrir að taka verði ný langtímalán á næstu árum verður reksturinn kominn í jafnvægi á árinu 2023 komi ekkert óvænt upp á.

Af stórum verkefnum má nefna byggingu Glerárvirkjunar II, sem áætlað er að taka í rekstur fyrir vorið 2018. Áætlað er að virkjunin framleiði um 3,3 MW og þar með framleiðir Fallorka um 35% af rafmagnspörf Akureyringa. Bygging hreinsistöðvar fyrir fráveitu var boðin út liðið sumar en engin tilboð bárust í verkið og er áætlað að bjóða verkið út að nýju í byrjun árs 2018. Bygging skrifstofuhúss á Rangárvöllum er í ferli en byggingin mun m.a. leysa þörf Norðurorku fyrir aukið húsnæði og þær kröfur sem gerðar eru til starfsmannaaðstöðu í dag. Gerður var samningur við Vaðlaheiðargöng um nýtingu á neysluvatni úr göngunum og er þess vænst að þar fáiist um 70 l/sek. af köldu vatni. Verkefnið er stórt en fyrsti áfanginn nær einungis til þess að koma vatninu út úr göngunum og er vatnsfundurinn góð tíðindi fyrir samfélagið við Eyjafjörð til framtíðar lítið.

Eins og áður hefur komið fram er komið að ákveðnum þáttaskilum í rekstri hitaveitunnar þar sem hún er, yfir köldustu vetrardagana, á fullum afköstum og því lítið sem má út af bregða í rekstrinum. Er þar helst að aðveituæðin til Akureyrar frá vinnslusvæðinu á Arnarnesi annar ekki auknum vatnsflutningi. Rannsóknir og boranir í Eyjafjarðardal hafa ekki skilað okkur tilætluðum árangri og því er það mat okkar að feta öruggu leiðina og leggja af stað í áfangaskipta lagningu nýrrar aðveituæðar frá Arnarnesi. Um er að ræða mikla fjárfestingu eða allt að tvo milljarða í heild með borunum og dælubúnaði. Áætlað er að boruð verði ný hola í Arnarnesi og lagt af stað með nýja 500 mm lögn innanbæjar þ.e. frá Glerártorgi og út fyrir Hlíðarbraut á árinu 2018. Næstu ár verður síðan haldið áfram í áföngum, næst í norðri frá Arnarnesi að Ósi.

Þegar horft er til baka yfir liðið ár hefur náðst góður árangur á mörgum sviðum m.a. í öryggismálum en segja má að öryggismenning sé að gróa inn í rekstur Norðurorku.

Vatnsvernd hefur fengið mikla athygli

starfsmanna og hefur m.a. reynt á samstarf björgunaraðila vegna slysa á vatnsverndarsvæðinu við Vagla í Hörgárdal. Þar komu sér vel upplýsingar, æfingar og samhæfing vettvangsaðila. Verkefni Vistorku sem öll hverfast um umhverfismál hafa að okkar mati verið árangursrík. Öll snýst heildarmyndin um að gera sveitarfélögin við Eyjafjörð kolefnislaus og umhverfissvæn.

Á árinu urðu töluverðar mannabreytingar meðal stjórnenda Norðurorku og er nú í fyrsta skipti jafnt kynjahlutfall í framkvæmdastjórn fyrirtækisins. Þá tók starfsfólk fyrirtækisins sig saman á árinu og keypti í magnaupum rafmagnsreiðhjól með stuðningi Norðurorku. Starfsfólk fær greiddan samgöngustyrk og nú er svo komið að sífellt fleiri starfsmenn hjóla til og frá vinnu á umhverfissvænan hátt. Í mannauðsmálum eru alltaf nýjar áskoranir og í vinnustaðagreiningu í lok árs kom fram að starfsfólk telur að úrbóta sé þörf á ýmsum sviðum. Þar er verk að vinna, álag á starfsfólk hefur aukist á þenslutímum auk þess sem verkefnum fyrirtækisins fer fjölgandi.

Ég færi stjórnarmönnum þakkir fyrir gott samstarf liðin ár. Einnig þakka ég samstarfsfólki mínu gott og farsælt samstarf á árinu 2017.

Starfsemi Norðurorku hf. á árinu 2017

Stjórnýsla

Aðalfundur Norðurorku hf. var haldinn 31. mars 2017. Hluthafahópurinn er óbreyttur, Akureyrarbær 98,27%, Hörgársveit 0,8%, Eyjafjarðarsveit 0,12%, Grýtubakkahreppur 0,18%, Svalbærssstrandahreppur 0,45% og Þingeyjarsveit 0,18%. Á aðalfundi félagsins gekk Njáll Trausti Friðbertsson úr stjórn þar sem hann var kosinn til Alþingis. Í hans stað var kosinn í stjórn Gunnar Gíslason. Stjórnarformaður er Geir Kristinn Aðalsteinsson, varaformaður Ingibjörg Ólöf Isaksen, ritari Edward H. Huijbens og meðstjórnendur þau Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir og Gunnar Gíslason. Í varastjórn eru Eva Hrund Einarsdóttir, Jóhann Jónsson, Óskar Ingi Sigurðsson, Margrét Kristín Helgadóttir og Matthías Rögnvaldsson.

Stjórnin hélt tólf fundi milli aðalfunda auk eigendafundar.

Mannauðsmál

Hjá Norðurorku störfuðu 67 einstaklingar á árinu 2017, 46 karlar og 21 kona. Á framkvæmdasviði, sem jafnframt er fjölmennasta sviðið, var fjöldi starfsfólks 27, á veitu- og tæknisviði 22 og á þjónustu- og

fjármálasviði 18.

Sumarstarfsmenn voru sex talsins og 12 einstaklingar skiptu með sér verkefninu að lesa af mælum fyrir fyrirtækið en það verk var unnið í verktöku eins og undanfarin ár. Til viðbótar við íslenska sumarstarfsmenn tók Norðurorka þátt í Snorraverkefninu svokallaða. Á vegum Snorraverkefnisins kom 19 manna hópur, af íslenskum ættum, alla leið frá Manitoba í Kanada til að kynna stöð sín. Einn þessara Vestur-Íslendinga, 18 ára stúlka, var í starfsþjálfun í þrjár vikur í fasteignaþjónustu Norðurorku.

Árlega taka starfsmenn Norðurorku þátt í ýmskonar sí- og endurmenntun, starfstengdri og almennri, bæði á vegum fyrirtækisins og aðkeyptri. Sem dæmi um námskeið á árinu má nefna: Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun, Stjórnun upplýsingaöryggis samkvæmt ISO/IEC 27001, IP myndavélanámskeið, Innleiðing jafnlaunavottunar, Fallvarnir og vinna í lokuðu rými, Outlook og OneNote, Starfslokanaámskeið, Beiting ÍST30 og ÍST35 í framkvæmd, Certified Ethical Hacker v9 og fleiri námskeið.

Í maí fóru þrír starfsmenn á vörusýninguna Elfack sem haldin er annað hvert ár í Gautaborg. Á sýningunni, sem er fyrir rafveitur og rafverktaka, eru helstu rafbúnaðarbirgjar Norðurorku að kynna vörur sínar. Fjórir starfsmenn tóku þátt í norrænu fráveituráðstefnunni NORDIWA í Aarhus í Danmörku. Ráðstefnan var afar fróðleg og m.a. voru mörg erindi um örplast. Einnig var fjallað um lyfjaleifar og nýtingu köfnunarefnis og fosfórs en Norðurlandabúar hafa hreinsað fosfór í fjölmörg ár.

Hópur kvenna frá Norðurorku tók þátt í haustþingi kvenna í orkumálum á haustdögum. Þar kynntu þær störf sín og fyrirtækið auk þess að kynna fjölmörgum öðrum konum úr orkugeiranum.

Í október var starfsfólki boðið í kynnisferð en slík ferð er liður í að auka þekkingu starfsfólks á veitusvæðum Norðurorku. Í ferðinni var staða Glerárvirkjunar II



Hluti starfsfólks sem tók þátt í magnaupum á rafmagnshjólum

kynnt ásamt því að fjallað var um stöðu byggingar hreinsistöðvar í Sandgerðisbót og nýja Hjalteyrarlögn. Einnig var farið með Hríseyjarferjunni út í Hrísey þar sem farið var í skoðunarferð að mannvirkjum hita- og vatnsveitu í eyjunni.

Ýmsar leiðir eru nýttar til upplýsingagjafar til starfsmanna, tölvupóstar, tilkynningar og fréttir á innri vef, auglýsingatöflur, en síðast en ekki síst reglulegir starfsmannafundir. Haldnir voru 7 starfsmannafundir á árinu með fjölbreyttri dagskrá.

Á árinu fengu 32 starfsmenn greiddan heilsueflingarstyrk frá fyrirtækinu og 28 starfsmenn fengu greiddan samgöngustyrk. Fyrirtækið hvetur starfsfólk til þess að ganga eða hjóla til vinnu með því að greiða samgöngustyrk að upphæð 7.500 krónur fyrir hvern þann mánuð sem fólk kemur oftar en 10 sinnum gangandi eða hjólandi. Ráðist var í árvekniátak sem m.a. fól í sér magnkaup á rafmagnshjólum. Starfsmönnum var þannig gert kleift að kaupa Cube rafmagnshjól að eigin vali með afslætti og nýta samgöngustyrkinn til greiðslu upp í hjólið. Norðurorka keypti 2 hjól, sem starfsfólk getur

skipst á að fá lánuð auk þess að nýta hjólin til að fara á milli staða til funda eða annarra erinda á vegum Norðurorku. Skemmst er frá því að segja að keypt voru ríflega 30 hjól og árið 2017 skráðu starfsmenn Norðurorku 2.771 dag sem þeir ferðuðust til vinnu gangandi eða hjólandi. Það jafngildir 7,6 árum en sá starfsmaður sem skráði flesta dagana var með 200 skráða daga.


Gæðamál

Norðurorka afhendir kalt vatn, heitt vatn og rafmagn til viðskiptavina og sér um að fráveita sé í lagi. Þetta eru gríðarlega mikilvægir innviðir sem samfélagið reiðir sig á allan sólarhringinn, alla daga ársins.

Til að tryggja að fyrirtækið sinni sínum mikilvægu verkefnum vel þarf gott utanumhald. Það gerir Norðurorka með vottuðu gæðakerfi sem m.a. tryggir kerfisbundnar úttektir óháðra aðila en fyrirtækið hefur haldið vottun sinni frá upphafi. Á hverju ári tekur Heilbrigðiseftirlitið sýni úr öllum vatnsveitum Norðurorku til örverugreiningar auk þess sem tekin eru sýni til heildar efnagreiningar. Reglulegt vinnslueftirlit fer fram í hitaveitunni þar sem m.a. er mælt efnainnihald vatnsins og lagt

mat á heildarafkastagetu vinnslusvæðanna. Árlega eru gerðar spennugæða mælingar í rafveitu til að fylgjast með því að kröfur til spennugæða, sem fram koma í reglugerðum og stöðlum, séu uppfylltar. Fráveitan dælis skólpi út í sjó og með reglulegum sýnatökum er fylgst með álagi á skilgreindu þynningarsvæði og við strandlengjuna meðfram Akureyri.

Þó að reglulegt eftirlit með gæðum sé nauðsynlegt snúast gæðamál um svo miklu meira. Gott gæðakerfi ýtir undir að hver einasti starfskraftur taki eftir og leiti að tækifærum til að tryggja gæði betur, bæta verkferla, auka öryggi og minnka álag á starfsfólk svo eitthvað sé nefnt. Hjá Norðurorku eru stöðugt umbótaverkefni í gangi, bæði stór og smá, sem miða að því að bæta fyrirtækið á allan mögulegan hátt. Að reka gæðastjórnunarkerfi skv. ISO 9001 er verkefni sem snertir alla þætti fyrirtækisins og er skuldbinding stjórnenda og þátttaka starfsfólks lykilatriði. Starfsfólk Norðurorku er stolt af fyrirtækinu og leggur metnað sinn í að bæta það stöðugt. Gott gæðakerfi snýst nefnilega ekki einungis um að gera vel heldur



snýst það um að gera sífellt betur.

Umhverfismál

Umhverfismál hafa á undanförunum árum fengið aukið vægi hjá Norðurorku og hefur fyrirtækið skuldbundið sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka myndun úrgangs. Norðurorka bindur meira kolefni en losnar frá rekstri og felst mesta bindingin í vinnslu fyrirtækisins á metangasi úr gömlu sorphaugunum á Glerárdal en því til viðbótar á Norðurorka 54 ha af skógi. Við endurnýjun á bílaflota fyrirtækisins er ávallt kannaður möguleikinn á vistvænum bílum sem uppfylla þær þarfir sem gerðar eru til bílanna hverju sinni. Bílar Norðurorku eru 33 talsins en þar af eru 11 sem annað hvort eru knúnir af metani eða rafmagni, sem gerir um 33% bílaflotans vistvæn.

Markvisst hefur verið unnið að því að draga úr magni óflokkaðs úrgangs og í upphafi árs var merktum flokkunarilátum komið fyrir í húsnæði Norðurorku á Rangárvöllum og starfsmenn fengu fræðslu um flokkun.

Undanfarin ár hefur Norðurorka undirbúið byggingu hreinsistöðvar fráveitu við Sandgerðisbót. Hreinsistöðin mun taka við skólpi frá Akureyri þar sem það verður grófhreinsað og því dælt út í sjó um neðansjávarlagn sem endar 400 metra frá landi og á 40 metra dýpi.

Reglulega er rætt um mikilvægi þess að bera virðingu fyrir vatninu og að sóa því ekki. Íslendingar nota mikið af vatni og er óhætt að segja að við verðum oft kærulaus við notkunina og látum vatnið renna að óþörfu. Á árinu lét Norðurorka vinna myndband í þeim tilgangi að vekja athygli á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir vatninu og sóa því ekki að óþörfu.

Eitt af stærstu verkefnum í umhverfismálum er vatnsvernd. Það er mikilvægt að almenningur þekki vatnsverndarsvæði, skilji mikilvægi þess að gengið sé vel um þau og að látið sé vita strax um óhöpp sem talið er að geti leitt til mengunar. Þess vegna stóð Norðurorka fyrir opnum kynningarfundum í mars um vatnsverndarsvæði fyrirtækisins. Fjallað var um þær reglur sem um svæðin gilda og hvað ber að varast í umgengni við þessa mikilvægu og lífsnauðsynlegu auðlind sem hreint neysluvatn er. Auk þess var á árinu fundað með ýmsum hagsmunaaðilum um

mikilvægi vatnsverndar s.s. forsvarsmönnum vélsleðamanna, fulltrúum skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli, viðbragðsaðilum o.fl.

Viðbragðsáætlun vatnsveitu var gefin út á árinu í kjölfar mikillar vinnu innanhúss og gott samstarf Norðurorku við þá viðbragðsaðila sem bregðast við, komi til mengunaróhapps á vatnsverndarsvæðum. Vinnan skilaði sér svo sannarlega í júlí eftir að olíuflutningabíll valt inn á vatnsverndarsvæði Norðurorku í Hörgárdal. Viðbúnaður var mikill en sem betur fer varð olíumengun lítil þar sem óverulegt magn olíu lak úr bílnum. Það var mikið lán að ekki fór verr en starfsfólk Norðurorku, slökkvilið, lögregla, 112 Neyðarlinan, Heilbrigðiseftirlitið, Björgunarsveitin Súkur, verktakar og fleiri unnu saman sem ein heild í kjölfar slyssins og er rétt að ítreka þakkir Norðurorku til allra sem að komu fyrir öguð og vel skipulögð vinnubrögð.

Öryggismál

Vissir þú að Akureyringar nota u.þ.b. 10.000 m³ af köldu vatni á sólarhring en það jafngildir tæplega 700 mjólkurbílum eins og MS er með í notkun?

Í upphafi árs var unnið að gerð öryggisstefnu fyrirtækisins. Fundur var haldinn með öllu starfsfólki þar sem farið var yfir þau drög sem komin voru að stefnunni. Á fundinum sköpuðust góðar umræður og ljóst að starfsfólk var sammála um mikilvægi þess að innleiða og efla öryggismenningu í Norðurorku. Þann 4. júlí samþykkti stjórn Norðurorku öryggisstefnu fyrirtækisins.

Á árinu kom iðjuþjálfari og gerði úttekt á vinnuumhverfi starfsfólks ásamt því að vera með persónubundna fræðslu um vinnuvernd og líkamsbeitingu. Bílar Norðurorku voru merktir með endurskini bæði á hliðum og að aftan en um mikilvægt öryggisatriði er að ræða fyrir þá starfsmenn sem vinna úti við allskonar aðstæður. Einnig var þeim til mælum beint til starfsfólks að bakka í stæði og var því vel tekið. Ljósþegafl var reiknað út í nokkrum dreifistöðvum og þær merktar í samræmi við niðurstöður mælinga. Á árinu var haldinn samráðs- og kynningarfundur þar sem Norðurorka bauð rafverktökum ásamt rafvirkjum fyrirtækisins til fundar um

öryggismál og samskipti.

Norðurorka leggur áherslu á að starfsfólk fái tækifæri til að auka þekkingu sína í ýmsum málaflokkum og þá ekki síst í öryggismálum. Í febrúar fóru tveir rafvirkjar í heimsókn til Veitna þar sem þeir dvöldu í 3 daga við bilanaleit strengja. Þar fengu þeir æfingu í að nota SebaKMT tæki sem er svipað tæki og Norðurorka á. Í mars var haldið ATEX innanhússnámskeið fyrir hluta starfsmanna og í apríl var haldin brunaæfing þar sem hús á Rangárvöllum voru rýmd. Í maí tóku tveir starfsmenn þátt í námskeiðum hjá Veitum um fallvarnir en einnig um vinnu í lokuðu rými. Fjórir starfsmenn sóttu Dale Carnegie námskeið um framúrskarandi öryggishegðun sem haldið var á Akureyri í maí. Á árinu sótti starfsfólk einnig kunnáttumannanámskeið og námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og -verði.

Haldin er skrá yfir slys og hættuleg atvik sem verða hjá Norðurorku og er starfsmönnum skylt að tilkynna strax ef þeir verða fyrir slíku. Vinnuslys á árinu voru 17, þar af 2 fjarveruslys. Óásættanlegar aðstæður, ótryggur búnaður eða annað sem ógnað getur öryggi og/eða heilsu er einnig skráð ásamt næstum slysum og voru þessar skráningar 24 á árinu.

Norðurorka hefur á undanförunum árum átt gott samstarf við önnur veitufyrirtæki í öryggismálum. Snemma á árinu fór öryggisteymi Norðurorku í heimsókn til HS Veitna þar sem öryggismál voru rædd og fyrirtækin fræddust um verkefni hvors annars. Einnig var ferðin nýtt til að fara á Forvarnaráðstefnu VÍS sem haldin er árlega í Reykjavík. Í mars komu svo öryggisnefndir Veitna (OR) í heimsókn og funduðu með öryggisteymi Norðurorku

ásamt fleira starfsfólki og er óhætt að segja að allir hafi farið reynslunni ríkari heim þann daginn enda margt sem fyrirtækin geta lært hvort af öðru. Samstarf sem þetta er ómetanlegt því að þrátt fyrir að fyrirtækin séu vissulega misstór er starfsemin sambærileg, sömu verkefni og sömu áskoranirnar. Þess vegna er dýrmætt að geta leitað til félaga sinna, rætt málin og lært hvert af öðru. Norðurorka vill nota tækifærið og þakka ofangreindum aðilum fyrir gott samstarf og þá ekki síst Reyni Guðjónssyni öryggisstjóra Orkuveitunnar fyrir aðstoð af ýmsu tagi á árinu.

Verðskrár

Orku- og veitukostnaður á Akureyri hefur um langt skeið verið með því lægsta sem gerist á landinu. Þannig hafa verðskrár hitaveitu og rafveitu lækkað að raungildi. Þá sýnir samanburður að verðskrár vatnsveitu og fráveitu eru lægri en hjá flestum

sveitarfélögum sem eðlilegt er að við berum okkur saman við.

Þó er nauðsynlegt að hafa í huga að þjónusta vatnsveitu og hitaveitu byggir á takmörkuðum auðlindum og því mikilvægt að verðþróun styðji við ábyrga auðlindanýtingu og þar með hæfilega uppbyggingu á

Vissir þú að við látum þig vita af bilunum og skipulögðu rofi með sms EF við höfum gsm númerið þitt?
(Kíktu á mínar síður á www.no.is og skráðu þitt númer)

öflunar-, flutnings- og dreifikerfum. Lögmál hefðbundins samkeppnisreksturs þar sem seljandi hefur hag af aukinni vörusölu eiga því ekki við. Einnig þarf að hafa í huga að verulegt eftirlit er haft með verðskrár sérleyfisfyrirtækja þar sem þau hafa einkarétt á að reka viðkomandi þjónustu á tilteknum

svæðum.

Miklar framkvæmdir eru framundan í öllum veitum Norðurorku á næstu árum og á það bæði við um nýframkvæmdir og viðhald. Við gerð langtímaáætlunar var niðurstaðan sú að verðbreytingar taki mið af hækkun rekstrarkostnaðar og þeim væntingum um verðlagsbreytingar sem Seðlabanki Íslands gerir ráð fyrir. Á grundvelli greiningar á rekstrarkostnaði og að teknu tilliti til fjárfestingaráætlana var niðurstaða stjórnar Norðurorku að hækka verðskrá allra veitna um 3,5% frá og með 1. janúar 2017.

Fjárhagur

Ársreikningur Norðurorku hf. er samstæðureikningur þar sem áhrif




dótturfélags koma fram og niðurstöður hlutdeildarfélaganna hafa sömuleiðis áhrif á niðurstöðu rekstrarreiknings. Rekstrarkostnaður hækkar enn umfram tekjur félagsins og hefur þar áhrif mikil þensla í þjóðfélaginu sem og mörg verkefni á vegum Norðurorku. Fjárfestingar voru miklar á árinu en þó lægri en áætlað var m.a. þar sem byggingu hreinsistöðvar fyrir fráveitu seinkaði. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum


Norðurorku á árinu eru 895 milljónir króna og Fallorku 670 milljónir króna. Fjárfesting Fallorku er vegna framkvæmda við Glerárvirkjun. Frá árinu 2014 hefur verið framkvæmt fyrir 3,6 milljarða. Ekki hefur komið til annarrar lántöku en dótturfélagsins vegna virkjanaframkvæmda á þessum tíma enda hefur lausafjárstaða verið afar sterk. Vel hefur gengið að greiða niður skuldir á liðnum árum, öll erlend lán móðurfélagsins eru uppgreidd og eru skuldir þess að mestu bundnar við lífeyrisskuldbindingar auk lána frá yfirtöku fráveitunnar

1. jan. 2014. Haustið 2018 er komið að lokagjaldþaga á skuldabréfaflokki sem fylgdi með yfirtöku fráveitunnar eins og sjá má á liðnum næsta árs afborganir í skýringum ársreiknings. Þegar er hafin vinna við endurfjármögnun á því láni auk þess sem mæta þarf framkvæmdum vegna Hjalteyrarlagnar með lánsfjármögnun. Miðað við núverandi stöðu á lánamarkaði er ljóst að vaxtakjör félagsins munu batna verulega. Varlega hefur verið farið í arðgreiðslur og eiginfjárhlutfall verið hátt þar sem mæta þarf þörfum til langrar framtíðar sem ekki verður fjármögnuð með lántöku einni saman.

Hlutfall rekstrarliða af rekstrartekjum



EBITDA og velta



Samtök, dóttur- og hlutdeildarfélag

Norðurorka er aðili að SAMORKU, samtökum orku- og veitufyrirtækja í landinu og í gegnum þau aðili að Samtökum atvinnulífsins. Samtökin eru málsvári orku- og veitufyrirtækja og beita sér fyrir farsælli þróun í orku- og veitumálum á Íslandi. Eitt af meginverkefnum Samorku eru þó innri málefni svo sem kynningar-, fræðslu- og félagsstarfsemi aðildarfyrirtækjanna en í ráðum og nefndum Samorku situr fjölmargt starfsfólk aðildarfyrirtækjanna.

Fallorka ehf. er dótturfélag Norðurorku og hefur með höndum framleiðslu og sölu á raforku til viðskiptavina um land allt. Framleiðsla virkjana í Djúpadal var 18,5 GWst. Sala á forgangsorku nam 170 GWst. Tekjur Fallorku námu 908 milljónum króna á árinu og hagnaður fyrir afskriftir var 153

milljónir króna. Hagnaður ársins var 72 milljónir króna og veltufé frá rekstri 104 milljónir króna. Nú er framkvæmdum við nýja 3,3 MW Glerárvirkjun senn að ljúka og er ráðgert að virkjunin verði gangsett á vormánuðum 2018.

Vistorka ehf. er verkefnastofa í „grænum“ lausnum. Á árinu var lokið við frumhönnun og hagkvæmnimat á verkefni sem kallast Molta II og Orkey II og snýr að því að nýta alla fitu í sláturúrgangi, mör og steikingarolíu sem til fellur sem úrgangur og framleiða úr því lífdísil. Verði verkefnið Molta II að veruleika mun afkastageta Molta aukast, dregið verður úr lyktarmengun auk þess að til verða milljón lítrar af hágæða umhverfisvænum lífdísl. Vonir standa til að ákvörðun um framhald þessa verkefnis liggi fyrir í byrjun árs 2018. Vistorka ásamt öllum sveitarfélögum á Norðurlandi sótti um styrk til uppbyggingar innviða fyrir rafbíla. Orkusjóður veitti verkefninu styrk að upphæð 26 milljónir til að setja upp níu hraðhleðslustöðvar og fjórar millihleðslustöðvar allt frá Skagaströnd að Þórshöfn. Samkomulag varð milli aðila um að Orka náttúrunnar og Ísorka yfirtækju verkefnið og rekstur stöðvanna. Vistorka hélt áfram að vinna að innleiðingu fjölmargra loftslagsverkefna í samstarfi við ýmsa aðila. Í lok sumars var söfnunarilátum komið fyrir á allar grenndarstöðvar fyrir notaða matarolíu sem safnað er gegnum grænu trektina á heimilum. Í fyrsta skipti í haust var trjám plantað í flug- og skipaskóginn en nú þegar hafa nokkur fyrirtæki á Akureyri ákveðið að kolefnisjafna innanlandsflugferðir með því að planta tveimur trjám fyrir hverja ferð. Hafnasamlag Norðurlands tók þátt með 2.000 trjám sem táknrænu verkefni fyrir umferð skemmtiferðaskipa um Akureyrarhöfn. Síðast en ekki síst fór í gang verkefni með Orkusetri og grunnskólum Akureyrar þar sem segulkorti af Akureyrarbæ var komið upp og kortinu fylgir mælistika sem sýnir hversu langan tíma það tekur að hjóla eða labba einn kílómetra. Með þessu öðlast nemendur skilning á því hversu auðvelt það er að ferðast um bæinn án þess að nota bíl. Í árslok var sett af stað vinna við Metan II. Verkefnishugmyndin snýr að því að nýta m.a. mykju frá kúabúum til að framleiða metan. Verkefnið er unnið í samvinnu við meistaranema í verkfræði og hefur þegar fengist styrkur til að ljúka við fyrsta þátt verkefnisins.

Tengir hf. er hlutdeildarfélag Norðurorku hf. og er eignarhluti félagsins rúm 38% á móti G&B ehf. sem á rúm 61%. Stór hluti af verkefnum ársins 2017 var sem fyrr að leggja ljósleiðara og tengja við viðskiptavinum í sveitarfélögum á Norðurlandi og er stóru verki þ.e. lagningu ljósleiðara í Þingeyjarsveit að mestu lokið. Starfsemi Tengis vex áfram og eftirspurn er mikil eftir tengingum. Starfsemin mun þó á næstu árum hverfast meira um rekstur þar sem uppbygging ljósnetts í dreifbýli er að mestu að ljúka. Velta félagsins var rúmlega 409 milljónir króna og hagnaður félagsins fyrir skatta 39 milljónir króna, sem er mjög vel áætlanlegt í ljósi mikilla fjárfestinga í uppbyggingu á ljósneti og búnaði.

NORAK ehf. er hlutdeildarfélag Norðurorku hf. en Norðurorka hf., Rafeyri ehf. og Orkuvirki ehf. eiga fyrirtækið að jöfnu. Félagið á og rekur spennuvirki við álþynnuverksmiðju Becromal í Krossanesi sem spennir niður raforku sem kemur frá aðveitustöð Landsnets við Rangárvelli. Reksturinn gekk vel á árinu 2017. Á árinu 2018 eru áætluð ýmis viðhaldsverkefni en flest smávægileg.

Hrafnabjargavirkjun ehf. er að 48,75% hlut í eigu Norðurorku, 48,75% hlut í eigu Orkuveitu Húsavíkur og 2,5% eru í eigu Atvinnuefingar Þingeyjarsýslu. Unnið hefur verið að rannsóknnum í samstarfi við Landsvirkjun á efra vatnasvæði Skjálfafljóts. Fjórir mögulegir virkjunarkostir voru sendir inn í Rammaáætlun III á árinu 2014. Tillaga verkefnastjórnarinnar til ráðherra var að setja alla virkjunarkostina í verndarflokk. Margt bendir til þess að Rammaáætlun III fari ekki fyrir Alþingi en þess í stað fjalli verkefnastjórn Rammaáætlunar IV um þá kosti sem beint verður til þeirra. Miðað við núverandi stöðu er áætlað að senda valda nýtingarkosti á vatnasvæðinu inn í Rammaáætlun IV.


Norðurorka er hluthafi í félaginu Íslensk orka hf. en félagið heldur utan um jarðhitaréttindi, borholur og rannsóknir á jarðhitakerfum í Öxarfirði, verkefni sem er í biðstöðu. Mat stjórnar Íslenskrar orku er að enn sé mögulegt að markaðssetja heitt vatn af svæðinu til iðnaðarframleiðslu komi fram áhugasamir aðilar um nýtingu og rekstur. Þá kunna möguleikar á raforkuframleiðslu einnig að opnast með frekari þróun á búnaði til framleiðslu rafmagns úr lághita.

Norðurorka á 7,7% hlut í Netorku ehf. sem er reiknistofa orkufyrirtækjanna og annast meðferð gagna vegna sölumála raforku.


Norðurorka á um 27% hlut í Orkey ehf. sem rekur lífdísilverksmiðju við Njarðarnes á Akureyri, en hluthafar félagsins eru alls 26. Lífdísill er unninn úr innlendu hráefni, svo sem notaðri steikingarfeiti frá veitingahúsum, fituafskurði frá sláturhúsum og ýmsum öðrum fitu- og oliuríkum úrgangi. Vinnsla félagsins er því mikilvægur þáttur í að draga úr úrgangi sem annars getur endað í fráveitukerfum eða urðun. Fyrirtækið framleiddi lífdísil langt umfram sölu á árinu 2017 og birgðir hlóðust upp. Í lok árs var dregið úr framleiðslu og starfsmaður leigður út. Varðandi framtíð



Orkunotkun, orkupörf og orkumáttur hitaveitu Norðurorku



RAFORKUDREIFING 2017



félagsins er verið að skoða fleiri möguleika á sölu og er m.a. í gangi verkefni á vegum hlutaðeigandi aðila að brenna lífdísli við rafmagnsframleiðslu í Grímsey. Erfðileikar í rekstri Orkeyjar felast nú frekar í að finna söluleiðir en að fá nóg hráefni til vinnslu. Söluleiðir opnast enn frekar að okkar mati ná framleiðslan stöðlum.

GPO ehf. er lítið þróunarfyrirtæki og er Norðurorka með um 5% eignarhlut. Fyrirtækið vann að framleiðslu á olíu úr plastúrgangi. Framleiðsla hefur legið niðri eftir eldsvoða í verksmiðjunni. Um alltjón var að ræða sem að stærstum hluta fékkst greitt úr váttryggingum félagsins. Hluthafar hafa ekki tekið ákvörðun um áframhald né slit á félaginu.


Eimur er samstarfsverkefni Landsvirkjunar, Eyþings, Norðurorku og Orkuveitu Húsavíkur um bættu nýtingu orkuauðlinda og aukna nýsköpun í orkumálum á Norðurlandi eystra. Einni samkeppni á vegum Eims er lokið, þ.e. varðandi nýtingu á heitu vatni og varð hugmynd um nýtingu vatns úr Vaðlaheiðargöngum hlutskörpust. Í ferli er önnur samkeppni um nýtingu lághita við matvælaframleiðslu. Á árinu urðu breytingar á framkvæmdastjórn Eims og í kjölfarið var ákveðið að bæta við mannafla þannig að í upphafi ársins 2018 er starfsemin með 1,4 ársstörf. Starf Eims er um margt óþreifanlegt og lýtur frekast að því að auka þekkingu, umtal og möguleika aðila á að nýta frekar þær orkuauðlindir sem eru á svæðinu til verðmætasköpunar.

Vaðlaböð ehf. er nýstofnað verkefni sem afurð úr hugmyndasamkeppni Eims um nýtingu á heita vatninu úr Vaðlaheiðargöngum. Norðurorka er með 30% eignarhlut á móti Tækifæri hf. og Stefáni Tryggvasyni hugmyndasmið. Verkefnið mun kanna fýsileika þess að koma upp aðstöðu fyrir ferðamenn og nýta til þess heita vatnið úr Vaðlaheiðargöngum.


Rannsóknir

Rannsóknir eru veigamikill þáttur í starfsemi Norðurorku en þær eru að stærstum hluta unnar í samstarfi við Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR. Rannsóknir byggja annars vegar á því að fylgjast vel með þeim auðlindum sem verið er að nýta hverju sinni en hins vegar á að huga að mögulegum framtíðarvinnslusvæðum. Rannsóknnum á jarðhitasvæðinu að Ytri-Vík var haldið áfram á árinu. Gerðar voru segulmælingar ásamt því að hitastigulsholm

ÞRÓUN RAFORKUDREIFINGAR 1992 – 2017



AFLTOPPAR FORGANGSORKU LANDSNETS 2017



var bætt við til að skjóta betri stoðum undir staðsetningu djúprar rannsóknarholu/vinnsluholu. Einnig var boruð ný vinnsluhola fyrir notendur veitunnar, þar sem eldri vinnsluhola er í bágbornu ástandi, og fékk hún nafnið YV-20. Nýja holan er 254 metra djúp og fóðruð í 23 metra en holan nýtist einnig til rannsókna á jarðhitasvæðinu. Sett var upp net jarðskjálftamæla í samvinnu við ÍSOR til að fá betri mynd af legu og stefnu sprungna í Eyjafirði og er þarna um að ræða verkefni til að minnsta kosti fjögurra ára.

Boraðar voru hitastigulsholur í nágrenni við jarðhitasvæðið að Hjalteyri og var megintilgangur þeirra að afla frekari gagna til staðsetningar á nýrri vinnsluholu á Hjalteyri sem mun fá nafnið HJ-21 og verður hún að óbreyttu boruð á vormánuðum 2018. Einnig voru boraðar hitastigulsholur í Eyjafjarðardal sunnan Laugalandis og Botns til að kanna mörk jarðhitakerfanna til suðurs og sýna niðurstöður að nokkuð skörp skil eru í hitastigli sunnan Botns að vestanverðu og Grýtu að austanverðu.

Rannsóknir jarðhitans í Vaðlaheiðinni verða færðar aftar í forgangs röðina. Byggir það m.a. á því að erfitt og dýrt er að koma við rannsóknnum ofan á heiðinni. Þó hefur verið unnið að athugunum á jarðhita á hafsbotni í Eyjafirði og er þar byggt á því dýptarmælingum sem unnar voru af mælingabátinum Baldri ásamt því að kafað hefur verið á hugsanlega jarðhitastaði. Tilgangur þessa er að fá yfirsýn yfir legu og innbyrðis samhengi jarðhitasvæðanna við Eyjafjörð og auka skilning á þeim. Rannsókn á neysluvatninu sem fram kom í Vaðlaheiðargöngunum austanverðum hefur leitt til þess að unnin hefur verið forvinna með Vegagerðinni að nýtingu neysluvatnsins. Mannvit hefur unnið að tæknilausnum og kostnaðarmati varðandi söfnun vatnsins og flutning út úr göngunum. Undirritaður hefur verið samningur um verkið og er verið að vinna að lagnavinnu inni í göngunum og undirbúningi að virkjun vatnsins og eru verklok áætluð á árinu 2018. Áætlað er að vatnsöflunin skili að minnsta kosti 70 l/sek. rennsli út úr göngunum.

Metanframleiðsla

Metanframleiðsla hófst í ágústlok árið 2014. Til að byrja með var salan nokkuð í takt við væntingar en vöxturinn er minni en áætlað

var í upphafi. Salan hefur þó aukist mikið þrátt fyrir að verð á jarðefnaeldsneyti sé nú í lágmarki. Salan á árinu 2017 var rúmlega 118 þúsund Nm³ og jókst um 57% milli ára. Nú eru fjórir metankúnir ferlivagnar og einn strætisvagn í rekstri hjá Akureyrarbæ ásamt minni metanbílum.

Hitaveitan

Undanfarin ár hefur verið stöðugur vöxtur í heitavatnsnotkun og hingað til hafa áætlanir gert ráð fyrir frekari öflun vatns í Eyjafjarðarsveit þar sem innviðir þess svæðis eru allir við vöxt. Eftir árangurslausa borun á vinnslusvæðinu að Botni sumarið 2016 voru sumarið 2017 boraðar um 60-80 metra djúpar hitastigulsholur með rúmlega 500 m millibili til að kanna svokallaðan hitastigul jarðarinnar. Í kjölfarið varð ljóst að grípa þyrfti til annarra ráðstafana til að mæta þessari auknu orkuþörf. Því var á árinu hafinn undirbúningur að hönnun á nýrri aðveituæð frá vinnslusvæðinu að Hjalteyri ásamt hönnun á bættri tengingu aðveitunnar við bæjarkerfið en í því felast breytingar á dælustöð við Þórunnarstræti. Hjalteyrarkerfið getur að mati Íslenskra orkurannsókna staðið undir meiri vinnslu en nú er en flutningsgeta aðveitunnar er takmarkandi þáttur í nýtingu vinnslusvæðisins. Einnig mun stækkuð aðveita nýttast til framtíðar fyrir vatn frá nýjasta jarðhitasvæði Norðurorku að Ytri-Vík í Dalvíkurbyggð en jarðhitaréttindi sem tengjast jarðhitakerfinu þar eru nú öll komin á hendur Norðurorku. Unnið hefur verið að endurbótum dreifikerfis og byggingu loftskilju og dælustöðvar ásamt borun nýrrar vinnsluholu í landi Syðri-Haga sem kemur í

stað eldri holu sem er illa farin vegna tæringar. Boðin var út borun nýrrar holu á Hjalteyri sem fær nafnið HJ-21. Unnið var að endanlegri hönnun síðari hluta Hagahverfis sem er hluti Naustahverfis og var verkið, sem inniheldur gatnagerð og lagnir, boðið út í desember og munu framkvæmdir hefjast í janúar 2018. Árið var annasamt bæði í nýframkvæmdum og viðhaldi. Nýtt Hagahverfi kallaði á töluverðar framkvæmdir sem og nýbyggingar í Holtalandi, Götu Sólarinnar og fleiri stöðum. Endurnýjaðar voru 37 eldri heimlagnir og nýlagðar voru 44. Nýjar mælauppsetningar og þar með áhleypingar voru alls 46 og 11 í vinnuskúra. Bilanir og tjón í dreifkerfi hitaveitu voru 12 að tölu. Samkvæmt brunnaáætlun voru fjarlægðir 4 brunnar. Röðubrú var bætt við eldri brúarstöpla yfir Eyjafjarðar til móts við Ytra-Gil og bakrásarlögn að Laugalandi, sem áður lá á botni árinna, lögð þar yfir og tengd. Alls voru lagðir 1,5 km af 180 mm PEH röri í 10 m lengdum sem sjóða þurfti saman á verkstað. Með niðurdælingu bakrásarvatns er vatni sem runnið hefur í



Fjölbreyttur bílafloki sem gengur fyrir metani

gegnum ofnakerfi húsa á Akureyri komið aftur ofan í jarðhitageyminn á svæðinu en þannig tekst að nýta svæðið og varmann í því betur en ella. Áfram var unnið að endurnýjun á stofnlögn milli Tjarna og Lauglands og voru endurnýjaðir um 100 m af lögninni auk annarra lagfæringa. Ný dælustöð var sett upp í Davíðshaga en hún mun þjóna efstu húsunum í Hagahverfi. Á Lækjarvöllum, sem er iðnaðarhverfi í Hörgárbyggð, hófust menn handa við byggingar og þurfti af þeim sökum að svera upp hitaveitustofn um 150 m leið að hverfinu ásamt því að setja nýjan þrýstímínkarakassa. Áfram var unnið að því að færa útrennsli út úr húsum og voru fjögur útrennsli færð en eitt sett upp í Hrafnalandi. Í Eyjafjarðarsveit var einum dælukassa bætt við til að bæta þjónustu við viðskiptavini.

Vatnsveitan

Vinnu við viðbragðsáætlun vatnsveitu lauk á árinu en verkefnið gekk m.a. út á að tryggja að upplýsingar um mengunaróhöpp eða slys og óhöpp sem mögulega geta valdið mengun, komist þegar í stað til Norðurorku. Vatnsverndarsæði Norðurorku eru nú hluti af kortaþekju Neyðarlínunnar (112) þannig að þegar óhöpp verða innan þessara svæða sem tilkynnt eru til 112 berast svonefnd skuggaboð til ákveðins

hóps innan Norðurorku. Í framhaldinu virkjust skilgreindir ferlar gæðakerfisins og þar með skilvirk upplýsingagjöf frá slökkviliði og lögreglu til starfsfólks Norðurorku. Hér er um lykilatriði að ræða, því rétt og skjót viðbrögð við hreinsun mengunar er það sem öllu skiptir til að tryggja öryggi vatnsbólanna. Segja má að um frumkvöðlaverkefni hafi verið að ræða og hafa önnur veitufyrirtæki innan Samorku kynnt sér aðferðafræði og afrakstur þeirrar vinnu sem starfsfólk Norðurorku ásamt viðbragðsaðilum hefur unnið í þessum málum.

Nýframkvæmdir í vatnsveitu voru nokkrar á

Vissir þú að áður en þú ferð í framkvæmdir getur þú skoðað kortasjá Norðurorku og séð hvar veitulagnir liggja í kringum húsið þitt?
(www.map.is/no)

árinu bæði í nýju Holtahverfi og nýjum götum svo sem Holtalandi og Götu Sólarinnar svo eitthvað sé nefnt. Nýjar heimlagnir voru 35 auk 19 vinnuskúra en endurnýjaðar voru 32 eldri heimlagnir. Skipt var um 8 brunahana á árinu vegna reglubundins viðhalds og áfram unnið að endurbýggingu ræsa fyrir stofnlagnir frá Akureyri að Vöglum. Á árinu var gert við 29 bílanir og 2 tjón á heimlögnum


og stofnum í götum auk 2 bílana á 315 mm stofnlögn frá Vöglum. Áfram var unnið í að setja mæla á stærri heimæðar á Akureyri. Kaldavatnslögn sem lögð var árið 2008 að iðnaðarhverfi að Lækjarvöllum í Hörgárbyggð var tengd við stofnlagnir frá Vöglum við Mið-Samtún en einnig þurfti að færa lögnina út fyrir lóðina Lækjarvelli 3 sem hafði verið stækkuð þannig að lögnin lenti innan hennar. Ný 300 mm þrýstipípa var lögð frá Torfdal gegnum Hlíðarfjallsveg og Hálönd alls um 630 m áleiðis að Miðgeymi auk 90 mm og 140 mm lagna sem lagðar voru meðfram henni. Þetta er liður í endurnýjun lagna frá Hesjuvallalindum að nýjum vatnstanki sem mun rísa í Torfdal í framtíðinni. Endurnýjaðar voru tvær lindir í vatnstökusvæðinu að Hesjuvallalindum með góðum árangri.

Unnið var að endanlegri hönnun síðari hluta Hagahverfis sem er hluti Naustahverfis. Verkið, sem inniheldur gatnagerð og lagnir, var boðið út í desember og munu framkvæmdir hefjast í janúar 2018.




Gunnar Berg að GPS mæla lagnir í Daggarlundi


HITAVEITA ORKUVINNSLA 2017




ÞRÓUN VINNSLU Á HEITU VATNI 1994 – 2017




RAFORKA NOTUÐ TIL ÖFLUNAR Á HEITU VATNI 2017



KALDAVATNSÖFLUN 2017



KALDAVATNSÖFLUN ÞRÓUN 1995 – 2017



Í upphafi árs var sett upp lýsingartæki í Laugalandsvæitu sökum þrálátrar mengunar af völdum ofanvatns sem barst í vatnsbólið. Um tímabundna lausn var að ræða þar sem gert var ráð fyrir að Staðarbyggðarveita yfirtæki Laugalandsvæitu síðar á árinu og gekk það eftir. Yfirtakan var álitin besti kosturinn fyrir notendur Laugalandsvæitunnar til að fá nægt og gott neysluvatn enda hafði vatn verið takmarkað í Laugalandsvæitinni í þurrratið en auk þess var vatnsbólunum hætt við að mengast í ákveðnum veðurastæðum. Yfirtakan gefur einnig kost á fleiri tengingum við sameiginlega vatnsveitu þar sem Staðarbyggðarveita býr yfir góðum vatnsbólum með nægu vatni.

Rafveitan

Þótt rafveitan sé bundin við Akureyri, þjónar rafmagnsverkstæði Norðurorku einnig allri rafmagnsþjónustu við aðrar veitur félagsins sem starfa í alls sjö sveitarfélögum. Verkefni eru því fjölbreytt, snúa jöfnum höndum að háspennu, lágspennu sem og stýrikerfum veitna. Á árinu var mikil vinna við smíðar og uppsetningu á iðntölvuskápum fyrir stjórnkerfi hitaveitu og er það kærkomin viðbót við vinnu rafvirkja því það eykur fjölbreytni starfa.

Ljósbogahætta er ein stærsta hættan sem leynist í raforkukerfinu en í ljósboga getur hitastig farið upp undir 20.000 °C við upptök. Fyrirboði um að ljósbogi sé að kvikna er enginn og afleiðingarnar geta verið skelfilegar. Á árinu var hafist handa við að meta og reikna hættu á ljósbogamyndun í dreifikerfinu og stöðvarnar svo í framhaldinu merktar í samræmi við niðurstöðurnar auk



Helgi, Stefán og Anton fara yfir málin

Þess sem fram kemur á merkingunum hvaða persónuhlífar starfsfólki er skylt að nota við vinnu á hverjum stað. Einnig var dregið úr ljósbogahættu með því að skipta um búnað og stilla varnarbúnað sérstaklega m.t.t. ljósbogahættu.

Strangar reglur gilda um öryggisstjórnunarkerfi rafveitu sem m.a. felur í sér reglubundnar skoðanir á dreifistöðvum, sem oft leiða af sér ákvarðanir um endurbætur og fyrirbyggjandi viðhald. Alls voru skoðaðar 11 dreifistöðvar í kerfinu með tilheyrandi vinnu við gróft og endurnýjun lagna á eldri hverfum. Skipt var um háspennurofa í tveimur dreifistöðvum, endurnýjuð ljós í 10 stöðvum auk málningarvinnu við 9 stöðvar. Götuljós í eigu Akureyrarbæjar voru skoðuð og lagfærð frá 7 stöðvum. Unnið var að nýlögnum í Hagahverfi og nýjum götum svo sem Holtalandi og Götu Sólarinnar. Nýjar heimtaugar á Akureyri voru 26 og 17 í vinnuskúra. Endurnýjaðar eldri heimtaugar eða sett ídráttarrör til að eiga til framtíðar voru 37 á árinu. Þessar endurnýjanir fara jafnan fram samhliða framkvæmdum húseigenda, t.d. við bílastæði og þess háttar eða vegna endurnýjunar á götum. Í ágústmánuði varð bruni í aðaltöflu í dælustöðinni í Skjaldarvík og þurfti af þeim sökum að smíða nýja og öflugri töflu og gekk sú vinna vel. Háspennustrengur var endurnýjaður á milli drst. 53 Rangárvöllum og drst. 75 Réttarhvammi. Einnig var lagður nýr strengur hluta af leið milli aðveitustöðvar 1 í Þingvallastræti (TIN) og Laugaland en strengurinn var settur á brú yfir Eyjafjarðará samhliða framkvæmdum

við bakrásarlögn hitaveitunnar. Strengurinn verður spennusettur sumarið 2018. Tjón á rafstrengjum og götukössum voru 6 talsins.

Á árinu risu 3 nýjar dreifistöðvar (drst.) frá grunni með nýjum búnaði. Ný drst. 038 var byggð við Löngumýri og búnaður endurnýjaður ásamt há- og lágsþennustrengjum í Byggðavegi og Löngumýri. Verkið var stærsta einstaka verkefni rafveitunnar á árinu en framkvæmdir stóðu yfir frá miðjum mars til júníloka. Alls voru lagðir 4.539 m af strengjum og jarðvír, 17 heimtaugar voru endurnýjaðar, 52 húsum spennubreytt í 400 V og götukassar endurnýjaðir að hluta. Ný drst. 053 var byggð á Rangárvöllum ásamt því að sett var upp sjálfvirk 500 kVA vararafstöð fyrir svæðið. Allur búnaður stöðvarinnar er nýr og einnig var sett upp iðntölvustýring sem mun tengja stöðina og varavélina við WinCC sem er nýtt skjástýrikerfi Norðurorku. Lagnir að og frá stöðinni voru endurnýjaðar. Nýrri drst. 078 var komið fyrir í nýbyggingu Bústólpa og gamla stöðin aflögð. Settur var nýr búnaður í stöðina en þessi stöð er nær eingöngu fyrir Bústólpa og ekki mikið um jarðvegslagnir sem þurfti að endurnýja. Á árinu var hafist handa við byggingu nýrrar drst. 029 við Árstíg en hún kemur í stað tveggja, þ.e. drst. 056 í Ferrozink og drst. 029 í Slippnum. Húsið er komið upp, búið er að setja upp lýsingu og gólfbitar klárir til að hægt sé að hífa búnað í stöðina. Stefnt er að því að stöðin verði tilbúin til notkunar haustið 2018.

Í vor fór mikil vinna í að lagfæra tvær brýr sem liggja yfir Glerá en á þeim eru háspennustrengir, 66 kV og 11 kV, ásamt

kaldavatnslögn og fleiru. Brýrnar voru ástandsskoðaðar og jarðvegur hreinsaður af þeim. Leggja þurfti 4 stk. 240 mm² háspennustrengi frá brúarstæðinu og að nýju stöðvarhúsi Glerárvirkjunar ásamt því að setja upp bráðabirgðadreifistöð í gámi á staðnum vegna byggingarvinnu. Háspennustrengur var lagður að stíflumannvirkinu í Glerárdal og sett upp dreifistöð vegna framkvæmda á staðnum og til notkunar fyrir stíflumannvirkið síðar. Samhliða þessum framkvæmdum var ný jarðspennistöð sett upp við Sellandslindir og einnig við Skotfélagið í stað stauraspennistöðvar.

Unnið var að endanlegri hönnun síðari hluta Hagahverfis sem er hluti Naustahverfis og var verkið, sem inniheldur gatnagerð og lagnir, boðið út í desember og munu framkvæmdir hefjast í janúar 2018.

Á aðfangadag fór rafmagnið af hluta Nausta- og Teigahverfis eftir að bruni kom upp í dreifistöð um klukkan hálf sex. Starfsfólk Norðurorku brást fljótt við á þeirri stundu ársins sem flestir vilja vera heima með sínu fólki. Vel gekk að koma rafmagni á aftur.

Vissir þú að ef dreifikerfi veitna Norðurorku væri lagt eftir þjóðvegi 1 þá næði það u.þ.b. einn og hálfan hring í kringum landið?

Fráveitan

Norðurorka sér um uppbyggingu og rekstur fráveitu á Akureyri. Á árinu lauk umhverfismati sem fara þurfti í vegna byggingar hreinsistöðvar á landfyllingu við Sandgerðisbót. Í hreinsistöðinni verður skólp frá Akureyri grófhreinsað og grófa efninu sem síað er frá í stöðinni verður pakkað og það fært til urðunar. Hreinsuðu skólpi er síðan veitt út í sjó, um 400 metra frá landi og á 40 metra dýpi, þar sem það dreifist innan skilgreinds þynningarsvæðis. Ástand viðtakans verður áfram vaktað með reglulegu millibili en í júní kom út vöktunarskýrsla um viðtakann Eyjafjörð sem unnin var af Háskólanum á Akureyri og byggir á gögnum sem safnast hafa á undanförunum árum. Á árinu var lokið við að ramma niður stálþil, sprengja innan úr og hreinsa úr grunninum vegna byggingar nýju hreinsistöðvarinnar auk þess sem sökkur sem nota á til að halda niðri útrásinni voru fluttar frá Öseyri til Gáseyrar í geymslu. Bygging hreinsistöðvarinnar var boðin út á árinu en ekkert tilboð kom í verkið. Ákveðið var að bjóða verkið aftur út í upphafi

árs 2018.

Ýmis mál tengd fráveitu hafa verið í brennidepli á Íslandi undanfarið. Ljóst er að víða um land bíða stór verkefni sveitarfélaga eða fyrirtækja þeirra til að uppfylla kröfur laga og reglugerða. Það er samt einnig mikilvægt að huga að uppruna fráveituvatnsins og þar með starfsleyfum fjölmargra fyrirtækja sem eru sérstakir álagsvaldar. Almennigur getur líka lagt sitt af mörkum til að draga megi úr umhverfisáhrifum vegna fráveitu. Á undanförunum árum hefur Norðurorka farið í áróðursherferð undir nafninu „óleyfilegt niðurhal“ þar sem minnt er á að klósettið er ekki ruslafata. Segja má að herferðin hafi vakið athygli sem skilar sér vonandi í bættri vitund almennings um það hvað má, og hvað má ekki, setja í klósettið.

Á árinu voru endurnýjaðar 10 skólp- og regnvatnsheimæðar í íbúðarhús auk þess sem breyta þurfti og færa til niðurföll í Kjarnagötu vegna færslu á götunni. Mikil vinna og kostnaðarsöm var vegna fráveitu við Aðalstræti 66 þar sem lagnir voru

endurnýjaðar auk þess sem lögnin yfir Aðalstræti var einnig orðin ónýt. Áfram var haldið við hreinsun á niðurföllum í bænum en á árinu var svæðið ofan Þórunnarstrætis að Mýrarvegi hreinsað. Skipt var um lögn við Höfðagötu 3 þar sem grafa þurfti milli brunna vegna sigs á lögninni.

Skólpdælubrunnur var settur niður á Krókeyri sem kemur í staðinn fyrir rotþró og útrás út í Pollinn. Einnig var lagt tvöfalt kerfi í götuna og heimæðar endurnýjaðar eftir atvikum. Útrásin var síðan tengd við ofanvatn.

Unnið var að endanlegri hönnun síðari hluta Hagahverfis sem er hluti Naustahverfis og var verkið, sem inniheldur gatnagerð og lagnir, boðið út í desember. Áætlað er að framkvæmdir hefjist í janúar 2018.

Settar voru niður tvær nýjar rotþrær í Grímsey sem er hluti af langtímalagfæringum í eyjunni og viðræður við Hörgársveit um yfirtöku fráveitu héldu áfram á árinu.



VIRÐING - FAGMENNSKA - TR

Tæki og búnaður

Á síðastliðnu ári var fjárfest fyrir rúmar 27,4 milljónir í bílum og tækjum hjá Norðurorku.

Í mars komu tveir nýir Ford F150 vinnuflokkabílar. Þeim var breytt í metanbíla og smíðaðir á þá nýir pallar með niðurfellanlegum hliðarborðum ásamt geymslukösum.

Síðsumars var keypt stór malbikunarsög með fjörgengisvél og auk þess var keypt legupressa og gírkassatjakkur fyrir vélaverkstæðið.

Í desember komu tvær nýjar Honda 7000 rafstöðvar í stað gamalla sem voru úr sér gengnar.

Í desemberlok kom svo einn nýr Ford F150

vinnuflokkabíll sem verður breytt í metanbíl í upphafi árs 2018 auk þess sem smíðaður verður á hann pallur með niðurfellanlegum hliðarborðum ásamt geymslukösum.

Á árinu 2017 voru alls 10 metanbílar og einn rafmagnsbíll í þjónustu Norðurorku sem gerir um þriðjung bílaflotans vistvænan.



Páll og Heiðar við störf í dælustöð fráveitu





ÁRSREIKNINGUR SAMSTÆÐUNNAR 2017

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	22
Áritun óháðs endurskoðanda	23
Rekstrarreikningur	25
Efnahagsreikningur	26
Sjóðstreymisyfirlit	27
Skýringar	28

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Norðurorka hf. er veitufyrirtæki sem vinnur og selur heitt og kalt vatn á Akureyri og nágrenni og rekur fráveitu og raforkudreifingu á Akureyri. Ársreikningur Norðurorku hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélags þess, Fallorku ehf.

Rekstrarreikningur ársins sýnir að rekstrarkostnaður samstæðunnar eykst hraðar en tekjur eins og árið á undan. Í því ljósi er mikilvægt að tekjur aukist í takt við kostnað og fjárfestingar.

Framundan er mikil uppbygging í innviðum veitukerfa Norðurorku, sér í lagi í hitaveitu og fráveitu. Ítrekað hefur reynt á afkastagetu hitaveitunnar yfir köldustu vetrardagana. Mikilvægt er að framtíðarsýn og fjárfestingaáætlanir félagsins taki mið af rekstraröryggi veitukerfa. Hjá dótturfélaginu Fallorku hillir í verklok við nýja Glerárvirkjun sem mun framleiða 3,3 MW inn á dreifikerfi Norðurorku.

Á árinu 2018 verður greitt upp lán að fjárhæð 2.123 milljónir kr. og eru skammtímaskuldir félagsins óvenju háar í samræmi við það. Vegna uppgreiðslunnar og verulegra fjárfestinga í veitukerfum er hafin vinna við fjármögnun og stefnir í að vaxtakjör félagsins batni verulega.

Hagnaður varð af rekstri samstæðunnar á árinu 2017 að fjárhæð 498 milljónir króna. Bókfært eigið fé samstæðunnar í árslok nam 8.567 milljónir kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Fjöldi ársverka hjá samstæðunni á árinu 2017 var 67,6.

Hlutfé í árslok nam 846,7 milljónum kr. Hluthafar félagsins í árslok voru sex eins og í ársbyrjun. Eignarhlutdeild þeirra greinist þannig:

	Kennitala	Nafnverð	Hlutdeild
Akureyrarkaupstaður	410169-6229	832.000.000	98,27%
Hörgársveit	510101-3830	6.740.685	0,80%
Svalbarðsstrandarhreppur	640269-2279	3.844.886	0,45%
Grýtubakkahreppur	580169-2019	1.538.462	0,18%
Pingeyjarsveit	590602-2640	1.538.462	0,18%
Eyjafljóðarsveit	410191-2029	1.000.000	0,12%

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 15% arður til hluthafa á árinu 2017, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og forstjóri Norðurorku hf. hafa í dag rætt ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2017 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Akureyri, 19. mars 2018.

Stjórn

Engibjörg Þóaksen

Hilmar H. Halvarsson

Guðrún Björnsdóttir

Forstjóri

Helgi Johannsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Norðurorku hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning samstæðu Norðurorku hf. fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2017, efnahag hennar 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Norðurorku hf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Norðurorku hf. Ef við á skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitung við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Akureyri, 19. mars 2018

Enor ehf.



Davíð Búi Halldórsson

löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrartekjur			
Sala	3	3.529.638	3.394.340
Rekstrargjöld			
Orkukaup		818.984	811.461
Laun og launatengd gjöld	4	573.171	537.931
Annar rekstrarkostnaður		884.621	778.521
Afskriftir	8,9	470.202	620.089
		<u>2.746.977</u>	<u>2.748.001</u>
Rekstrarhagnaður		782.661	646.339
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	5	(242.956)	(212.987)
Áhrif hlutdeildarféлага	11	19.032	14.812
Hagnaður fyrir tekjuskatt		558.737	448.164
Tekjuskattur	6,17	(61.084)	(39.017)
Hagnaður ársins		<u>497.653</u>	<u>409.147</u>
 Hagnaður á hlut	7	0,59	0,48

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	11.750.288	10.648.326
Óefnislegar eignir	9	60.984	68.159
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	11	237.513	224.980
Eignarhlutir í öðrum félögum	12	9.371	7.371
Verðbréfaeign	13	13.444	15.364
Fastafjármunir samtals		<u>12.071.600</u>	<u>10.964.200</u>
Birgðir		176.472	133.470
Viðskiptakröfur	14	294.275	276.868
Kröfur á tengda aðila	19	166.091	228.498
Aðrar skammtímakröfur		107.037	35.186
Handbært fé	15	1.239.356	1.302.605
Veltufjármunir samtals		<u>1.983.230</u>	<u>1.976.627</u>
Eignir samtals		<u>14.054.830</u>	<u>12.940.826</u>
Eigið fé			
Hlutfé		846.662	846.662
Yfirverðsreikningur hlutfjár		268.225	268.225
Endurmatsreikningur		1.278.425	1.364.817
Annað bundið eigið fé		18.596	6.537
Þýðingarmunur vegna hlutdeildarfélags		(13.711)	(16.425)
Óráðstafað eigið fé		6.169.038	5.724.051
Eigið fé samtals	16	<u>8.567.235</u>	<u>8.193.867</u>
Skuldir			
Tekjuskattsskuldbinding	17	156.580	136.631
Vaxtaberandi langtímaskuldir	18	2.527.757	4.049.412
Langtímaskuldir samtals		<u>2.684.337</u>	<u>4.186.043</u>
Viðskiptaskuldir		352.776	262.172
Skuldir við tengda aðila	19	25.684	9.131
Næsta árs afborganir langtímaskulda	18	2.218.855	104.550
Tekjuskattur til greiðslu	17	41.135	17.337
Aðrar skammtímaskuldir		164.809	167.726
Skammtímaskuldir samtals		<u>2.803.259</u>	<u>560.916</u>
Skuldir samtals		<u>5.487.596</u>	<u>4.746.959</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>14.054.830</u>	<u>12.940.826</u>

Sjóðstreymi ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	16	497.653	409.147
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður eigna		(409)	(934)
Söluhagnaður / matsbreyting eignarhluta í félögum		2.272	16.192
Afskriftir	8,9	470.202	620.089
Verðbætur og gengismunur langtímakrafna og skulda		71.843	76.307
Áhrif hlutdeildarfélaga	11	(19.032)	(14.812)
Tekjuskattsskuldbinding, breyting		19.949	21.681
Veltufé frá rekstri		<u>1.042.479</u>	<u>1.127.670</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun) lækkun		(43.002)	3.950
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(112.284)	(9.870)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		150.080	(19.281)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>(5.206)</u>	<u>(25.200)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>1.037.272</u>	<u>1.102.470</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	8	(1.565.100)	(1.234.517)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		519	5.294
Fjárfesting í eignarhlutum í hlutdeildarfélögum		0	(19.205)
Arður frá hlutdeildarfélagi		9.212	6.838
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum		(4.272)	(3.733)
Afborgun skuldabréfa		1.921	1.921
Kröfur á tengda aðila, breyting		63.391	(103.053)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(1.494.329)</u>	<u>(1.346.455)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Arður til hluthafa	16	(126.999)	(296.332)
Tekin ný langtímalán		626.600	0
Afborganir langtímalána		(105.794)	(318.262)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>393.807</u>	<u>(614.594)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
		(63.249)	(858.579)
Handbært fé í ársbyrjun		1.302.605	2.161.185
Handbært fé í árslok		<u>1.239.356</u>	<u>1.302.605</u>
Aðrar upplýsingar			
Innborgaðar vaxtatekjur		62.492	106.610
Greiddir vextir		(232.869)	(228.385)
Greiddir skattar		(17.337)	(99.858)

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Norðurorku hf. hefur að geyma samstæðuársreikning félagsins og dótturfélags þess, Fallorku ehf. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðuársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið endurmetinn til gangvirðis á endurmatsdegi að frádregnum endurmetnum afskriftum frá þeim tíma sem eignanna var aflað. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

Dótturfélag er það félag þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningur dótturfélagsins er innifalinn í samstæðureikningi félagsins frá því að yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra eru felld út í samstæðureikningnum.

Hlutdeildarfélag er það félag þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Samstæðureikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélags frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi hærri en bókfært verð hlutdeildarfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok 2017. Gengismunur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

b. Innlausn tekna

Tekjur af sölu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

Tengigjöld notenda eru tekjufærð að fullu í rekstrarreikningi ársins þar sem þau eru óverulegur hluti heildartekna.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en veitukerfi og fasteignir, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

Veitukerfi og fasteignir eru skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum. Allar verðhækkningar vegna þessa eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eiginfjár að teknu tilliti til áhrifa á tekjuskattsskuldbindingu. Afskriftir af endurmetnu verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Innlausn endurmats vegna afskrifta er færð af sérstökum endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Við sölu eða niðurlagningu eigna er sá hluti endurmatsreiknings sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Endurmat veitukerfa og fasteigna var síðast framkvæmt í árslok 2009.

d. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru viðskiptavild vegna mismunar á kaupverði veitufyrirtækja og matsverði varanlegra rekstrarfjármuna þeirra. Óefnislegar eignir eru gjaldfærðar á tíu til tuttugu árum.

e. Dótturfélög

Eignarhlutur í dótturfélagi er eignfærður á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þess, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeild í eigin fé þess við kaup. Yfirverð er fært sem aðrar óefnislegar eignir og þær gjaldfærðar á tíu til tuttugu árum.

Skýringar

f. *Hlutdeildarfélög*

Eignarhlutir félagsins í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra að teknu tilliti til upphaflegs kaupverðs.

g. *Eignarhlutir í öðrum félögum*

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kaupverði að frádreginni niðurfærslu.

h. *Birgðir*

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

i. *Viðskiptakröfur*

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

j. *Handbært fé*

Sjóður, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

k. *Virðisrýrnun*

Bókfært verð eigna félagsins er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignanna metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tilheyrandi viðskiptavild en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar og fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspeгла mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýrnun fyrri tímabila vegna annarra eigna er metin á hverjum uppgjörssdegi til að kanna hvort vísbendingar séu um að rýrnunin hafi minnkað eða horfið. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki að bókfært verð eignar sé ekki umfram það sem verið hefði ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

l. *Tekjuskattur*

Tekjuskattur af afkomu samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi. Rekstur vatns- og fráveitu er ekki tekjuskattsskyldur.

Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörssdegi.

Skýringar

3. Sala

Sala félagsins greinist þannig eftir starfspáttum:	2017	2016
Tekjur hitaveitukerfis	1.209.548	1.189.079
Tekjur vatnsveitukerfis	371.342	355.306
Tekjur rafveitukerfis	1.466.205	1.397.350
Tekjur fráveitukerfis	398.677	381.863
Metangas	18.903	10.470
Aðrar tekjur	64.963	60.272
	<u>3.529.638</u>	<u>3.394.340</u>

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2017	2016
Laun	517.672	492.089
Launatengd gjöld	142.970	132.653
Kostnaðarverð eigin vinnu vegna fjárfestinga	(87.471)	(86.812)
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>573.171</u>	<u>537.931</u>
Fjöldi ársverka	67,6	65,8
Laun og hlunnindi stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjóra	34.883	32.660

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2017	2016
Vaxtatekjur og arður	62.492	106.610
Vaxtagjöld og verðbætur	(302.179)	(313.268)
Gengismunur	(996)	9.863
Söluhagnaður / matsbreyting eignarhluta í félögum	(2.272)	(16.192)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	<u>(242.956)</u>	<u>(212.987)</u>

6. Virkt skatthlutfall

Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2017	2016
Hagnaður fyrir tekjuskatt	558.737	448.164
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,00% 111.747	20,00% 89.633
Eignarhlutir í öðrum félögum	0,08% 454	0,72% 3.238
Áhrif hlutdeildarfélagar	(0,69%) (3.871)	(0,66%) (2.962)
Óskattskyld starfsemi vatnsveitu og fráveitu	(8,46%) (47.253)	(11,34%) (50.833)
Aðrir liðir	0,00% 7	(0,01%) (59)
Virkur tekjuskattur	<u>10,93% 61.084</u>	<u>8,71% 39.017</u>

7. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er hlutfall hagnaðar ársins og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hver rekstrarniðurstaða er á hverja krónu hlutafjár.

	2017	2016
Hagnaður ársins	497.653	409.147
Vegið meðaltal hlutafjár	846.662	846.662
Hagnaður á hlut	0,59	0,48

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Hitaveitu- kerfi	Rafveitukerfi og virkjanir	Vatnsveitu- kerfi	Fráveitu- kerfi	Aðrar eignir	Samtals
Heildarverð í ársbyrjun	6.488.546	3.075.023	2.315.803	2.840.912	1.726.556	16.446.841
Afskrifað samtals	(2.370.304)	(1.213.721)	(1.216.891)	(190.642)	(806.957)	(5.798.515)
Bókfært verð í ársbyrjun	4.118.242	1.861.302	1.098.913	2.650.270	919.599	10.648.326
Keypt á árinu	262.894	829.712	103.485	179.884	189.126	1.565.100
Selt á árinu	0	0	0	0	(110)	(110)
Afskrifað á árinu	(171.473)	(67.273)	(59.189)	(72.086)	(93.007)	(463.027)
Bókfært verð í árslok	4.209.663	2.623.741	1.143.209	2.758.068	1.015.607	11.750.288
Afskriftarhlutföll	2,5 - 5 %	2,5 - 6 %	2,5%	2,5%	2 - 20%	
Áætlaður nýtingartími	20 - 40 ár	17 - 40 ár	40 ár	40 ár	5 - 50 ár	

Sérstakt endurmat rekstrarfjármuna

Í árslok 2009 var framkvæmt sérstakt endurmat á veitukerfum og fasteignum félagsins.

Við endurmatið voru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis. Framangreindar hækkningar voru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á frestaðan tekjuskatt.

Gangvirði veitukerfa og fasteigna er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á byggingarkostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar.

Endurmetin veitukerfi eru nýtt í starfsemi sem er háð sérleyfi og tekjumörk miða fyrst og fremst við breytingar á byggingarvísitölu. Tekið er tillit til þess við ákvörðun gangvirðis.

Það er mat stjórnenda að ekki sé tilefni til endurmats á árinu 2017.

Fasteignamat og vátryggingarverð

Vátryggingarverð, fasteignamat og bókfært verð eigna félagsins í árslok 2017 nam eftirtöldum fjárhæðum:

Vátryggingarverð veitukerfa og virkjana	37.585.903
Bókfært verð veitukerfa og virkjana	11.025.578
Vátryggingarverð fasteigna	2.808.713
Fasteignamat fasteigna	1.142.533
Fasteignamat leigulóða	253.319
Bókfært verð fasteigna	530.975
Vátryggingarverð lausafjármuna	222.767
Bókfært verð lausafjármuna	193.735

Skýringar

9. Óefnislegar eignir

Bókfært verð óefnislegra eigna greinist þannig:

31.12.2017

Bókfært verð í ársbyrjun	68.159
Gjaldfærsla ársins	(7.175)
Bókfært verð í árslok	<u>60.984</u>

10. Eignarhlutur í dótturfélagi

Félagið átti í árslok 2017 dótturfélagið Fallorku ehf., sem er hluti af samstæðureikningi Norðurorku hf. Nafnverð eignarhlutarins nam kr. 224,5 millj. Hlutdeild félagsins í afkomu dótturfélagsins nam kr. 71,9 millj. á árinu 2017 samkvæmt rekstrarreikningi þess og bókfært verð eignarhlutarins í árslok 2017 nam kr. 614,9 millj. Norðurorka hf. á 100% eignarhlut í Vistorku ehf. sem stofnað var á árinu 2015 en sá eignarhlutur er færður meðal eignarhluta í öðrum félögum.

11. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð	Hlutdeild í afkomu
NORAK ehf., Akureyri	33,33%	58.621	65.763	6.972
Tengir hf., Akureyri	38,41%	57.618	171.750	12.060
			<u>237.513</u>	<u>19.032</u>

12. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
GPO ehf., Akureyri	5,37%	3.846	0
Hraf nabjargavirkjun hf., Akureyri	48,75%	14.138	0
Íslensk orka ehf., Akureyri	29,25%	2.029	0
Netorka hf., Hafnarfirði	7,73%	770	4.864
Orkey ehf., Akureyri	24,36%	5.713	2.000
Vaðlaböð ehf., Akureyri	33,33%	2.000	2.000
Vistorka ehf., Akureyri	100,00%	500	500
Aðrir eignarhlutir		15	8
Bókfært verð í árslok			<u>9.371</u>

13. Verðbréfaeign

Skuldabréfaeign í árslok er lán til hlutdeildarfélags sem endurgreiðist með 10 jöfnum afborgunum og er lokagjaldsdagi bréfsins árið 2024.

Skýringar

14. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	31.12.2017	31.12.2016
Viðskiptakröfur	308.801	289.890
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(14.527)	(13.023)
	<u>294.275</u>	<u>276.868</u>

Niðurfærsla viðskiptakrafna er færð til þess að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign samstæðunnar. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur niðurfærslureikning, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Niðurfærsla í ársbyrjun	13.023	15.467
Tapaðar kröfur á árinu	(3.046)	(3.121)
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu	4.550	677
Niðurfærsla í árslok	<u>14.527</u>	<u>13.023</u>

15. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:	31.12.2017	31.12.2016
Sjóður og bankainnstæður	888.461	654.803
Markaðsverðbréf	350.895	647.802
Handbært fé samtals	<u>1.239.356</u>	<u>1.302.605</u>

16. Eigið fé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er kr. 846,7 millj. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Annað bundið eigið fé samanstendur af hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага sem hefur ekki verið úthlutað í formi arðs á undirritunardegi.

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun	846.662	268.225	1.364.817	5.724.051	(9.888)	8.193.867
Arður til hluthafa				(126.999)		(126.999)
Upplausn endurmats			(86.392)	86.392		0
Gengismunur v. þýðingar					2.713	2.713
Hlutdeildartekjur				(12.060)	12.060	0
Hagnaður ársins				497.653		497.653
Eigið fé í árslok	<u>846.662</u>	<u>268.225</u>	<u>1.278.425</u>	<u>6.169.038</u>	<u>4.885</u>	<u>8.567.235</u>

Annað eigið fé greinist þannig:	31.12.2017	31.12.2016
Annað bundið eigið fé	18.596	6.537
Þýðingarmunur	(13.711)	(16.425)
	<u>4.885</u>	<u>(9.888)</u>

Skýringar

17. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:	31.12.2017	31.12.2016
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	136.631	114.950
Reiknaður tekjuskattur ársins	61.084	39.017
Tekjuskattur til greiðslu	(41.135)	(17.337)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	156.580	136.631

Tekjuskattur til greiðslu samkvæmt efnahagsreikningi greinist þannig:

Tekjuskattur til greiðslu	41.135	17.337
---------------------------------	--------	--------

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig:

Óefnislegar eignir	4.500	6.000
Varanlegir rekstrarfjármunir	149.515	122.281
Birgðir	1.765	1.335
Viðskiptakröfur	275	1.607
Frestaður gengismunur	524	5.408
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	156.580	136.631

18. Vaxtaberandi langtímaskuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:

	31.12.2017	31.12.2016
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:		
Skuldir í EUR	627.000	0
Skuldir í JPY	0	20.345
	627.000	20.345
Skuldir í íslenskum krónum	4.119.612	4.133.618
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	4.746.612	4.153.963
Næsta árs afborganir	(2.218.855)	(104.550)
Vaxtaberandi langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	2.527.757	4.049.412

Afborganir af vaxtaberandi langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

Árið 2018	2.218.855
Árið 2019	84.817
Árið 2020	138.038
Árið 2021	143.326
Árið 2022	148.930
Síðar	2.012.646
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	4.746.612

19. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila félagsins eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif á. Hluthafar sem fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar.

Skýringar

19. Tengdir aðilar (frh)

Viðskipti við lykilstjórnendur

Upplýsingar um laun til stjórnenda félagsins er að finna í skýringu 4. Upplýsingarnar ná ekki til sölu Norðurorku hf. á hefðbundnum aðföngum til heimilisrexturs viðkomandi aðila. Félagið átti engin önnur viðskipti við stjórnendur á árinu og stjórnendur eiga ekki hlut í félaginu.

Önnur viðskipti við tengda aðila

	2017	2016
Sala á vöru og þjónustu		
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins	300.030	283.530
Aðrir hluthafar	14.288	13.250
Hlutdeildarfélag	5.705	4.183
	<u>320.024</u>	<u>300.963</u>
Kaup á vöru og þjónustu		
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins	142.120	0
Aðrir hluthafar	2.797	4.019
Hlutdeildarfélag	14.558	9.264
	<u>159.475</u>	<u>13.283</u>

Staða

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

	31.12.2017	
	Kröfur	Skuldir
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins	151.364	(24.035)
Aðrir hluthafar	7.402	(1.648)
Hlutdeildarfélag	7.325	0
	<u>166.091</u>	<u>(25.684)</u>
Skuldabréfaeign:		
Hlutdeildarfélag	13.444	

Auk tekna hér að ofan fékk félagið greiddar vaxtatekjur frá Akureyrarbæ að fjárhæð kr. 8,4 millj. og frá hlutdeildarfélagi að fjárhæð kr. 676 þús.

20. Kennitölur

Helstu kennitölur:	2017	2016
EBITDA - afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði	1.252.863	1.266.428
Veltufjárlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir	0,71	3,52
Eiginfjárlutfall - eigið fé / heildarfjármagn	61,0%	63,3%
Arðsemi eigin fjár	5,94%	5,02%
Innra virði - eigið fé / hlutafé	10,12	9,68



www.no.is
Sími: 460 1300
no@no.is

Sími: 460 1300

no@no.is